meira inn við fjárnámið en sjálfri aðalkröfunni nemur. Að endingu skal jeg, að því er snertir birtingu yfirvaldsúrskurða um framfærslueyri, benda yður á 6. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 29, 16. desbr. 1885, sem sýna að birting úrskurðarins er nauðsynleg, þegar gjöra á lögtak eptir honum; en það nægir, þó að birtingin síðari skiptin sje framkvæmd að eins af öðrum stefnuvottinum eða hreppstjóra einum, og mun tilætlunin þá vera sú, að helmingur stefnuvottagjaldsins sparist. 105 3. nóv.

Samkvæmt framansögðu getur af hinum umræddu gjöldum orðið spurning um gjald fyrir lögtak og fjárnám fyrir framfærslueyri og um gjald til stefnuvotta fyrir birtingu lögtaksúrskurðar um framfærslueyri og gilda um skyldu málsparta til að greiða gjöld þessi sömu reglur og í öðrum einkamálum, sbr. þó 28. gr. aukatekjureglugjörðarinnar 10. sept. 1830.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um styrk handa sýslufjelagi til eflingar búnaði.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 29. f. m., viðvíkjandi tillögum sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um það, hvernig verja skuli hluta sýslunnar í ár af fjenu til eflingar búnaði, skal yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Rangárvallasýslu, að jeg samþykki hjer með þær tillögur sýslunefndarinnar, sem standa undir 1., 2. og 6. tölulið í útskriptinni af gjörðabókinni, nefnilega 150 kr. til búnaðarfjelags Hvolhrepps, 90 kr. til framskurðar á svo kallaðri Kaldárholtsmýri og 20 kr. til vatnsveitingamanns Árna Sigurðssonar til framhalds vatnsveitingastörfum, en að jeg þar á móti ekki sjái mjer fært að samþykkja tillögur nefndarinnar undir 3., 4., 5., 7., 8. og 9. tölulið í útskriptinni, þar sem engin skýrsla fylgi um jarðabótarstörf þau, sem þeir menn, er þar eru nefndir, hafi þegar unnið eða ætli sjer að vinna framvegis, enda muni það tæplega samkvæmt tilganginum með fjárveitingu þessa að búta hana niður í smáskammta handa sjálfseignarbændum, og það enda sumum efnuðustu mönnum í sýslunni, því augnamiðið með fjárveitingunni sje fyrst og fremst að styrkja þau fyrirtæki, sem að einhverju leyti hafa almenna þýðingu. Viðvíkjandi þeim 220 kr., sem þannig standa eptir af hluta Rangárvallasýslu af fjenu til eflingar búnaði, vænti jeg hið fyrsta að fá tillögur sýslunefndarinnar. 106 16. nóv.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um leyfi handa amtsráði suðuramtsins til að kaupa jörð undir búnaðarskóla.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 31. f. m., og skýringar þær og upplýsingar, sem það inniheldur, viðvíkjandi stofnun búnaðarskóla á Hvanneyri, veiti jeg hjermeð leyfi til, samkvæmt beiðni yðar fyrir hönd amtsráðs Suðuramtsins í þóknanlegu brjefi 23. f. m. og með skírskotun til 56. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, *að* tjeð amtsráð megi kaupa jörðina Hvanneyri undir búnaðarskólastofnun fyrir allt að 16000 kr., *að* til þeirrar stofnunar megi verja fyrst um sinn hinu árlega búnaðskólagjaldi í Suðuramtinu og vöxtunum af búnaðarskólasjóði amtsins, og *að* amtsráðið megi taka 6000 kr. lán og setja að veði fyrir því veðskuldabrjef búnaðarskólasjóðsins til þess að koma búnaðarskólastofnun þessari á fót á næstkomandi vori. 107 19. nóv.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.